

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð P. W. **78**  
 Jacobsen & Sön, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju- **9. okt.**  
 málaráðherra 9. október 1925. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

styrktarsjóð P. W. Jacobsen & Sön.

1. gr.

Sjóðurinn heitir styrktarsjóður P. W. Jacobsen & Sön.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 5000 króna gjöf frá P. W. Jacobsen & Sön í Kaupmannahöfn í tilefni af 100 ára afmæli firmans 11. október 1924.

3. gr.

Þeim hluta vaxta, sem úthlutað verður, skal varið til styrktar fátækum sjúklingum í Reykjavík, er njóta þurfa spítalavistar við hinn væntanlega Landsspítala Íslands, og fer þar um á þessa leið:

Þegar Landsspítalinn tekur til starfa, má verja allt að  $\frac{4}{5}$  hluta af vöxtum sjóðsins til fátækra sjúklinga úr Reykjavík, sem eru á spítalanum. Þeim hluta vaxta, sem ekki verður úthlutað, skal bætt við höfuðstólinn uns hann er orðinn að upphæð 10,000 kr. — tíu þúsund krónur —, og má hann aldrei skerða, en er sjóðurinn hefir náð þeirri upphæð, má verja allt að  $\frac{5}{6}$  hlutum vaxtanna til hjálpar eins og áður segir.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera undir umsjón Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem sjái um tryggilega ávöxtun og varðveislu hans, og veitir styrk úr honum, eða felur öðrum að gera það.

5. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.